

Ársskýrsla 2022-2023



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Efnisyfirlit

1. Stjórnun og rekstur.....	3
2. Starfsemi 2022-23	6
3. Fræðslu- og barnastarf 2022-23	8
4. Markaðs- og kynningarmál.....	9
5. Mannauðsmál	12
Fastráðnir hljóðfæraleikarar starfsárið 2022-23	13
Starfsfólk við stjórnun og þjónustu 2022-23	15
Lausráðnir starfsmenn 2022-23	16
6. Tónleikar starfsárið 2022-23	17
7. Hljóðritanir og hljómdiskar	31
8. Tónverk hljóðrituð eða flutt á tónleikum á starfsárinu	31
9. Fjöldi tónleikagesta	36

1. Stjórnun og rekstur

Starfsárið 2022-2023 var 73. starfsár Sinfóníu-
hljómsveitar Íslands. Í maí 2023 tóku gildi tónlistarlög
og í fjórða kafla laganna er fjallað um Sinfóníu-
hljómsveit Íslands. Ekki voru gerðar stórvægilegar
breytingar frá fyrri lögum um hljómsveitina.

Ríkissjóður og Reykjavíkurborg standa að rekstri
hljómsveitarinnar, 82% rekstrarframlags er greitt af
ríki en 18% af borg. Sértekjur hljómsveitarinnar eru
fyrst og fremst tekjur af miðasölu en einnig útseldri
þjónustu og styrkjum. Sértekjur hljómsveitarinnar
drógust verulega saman í heimsfaraldri og stendur
hljómsveitin frammi fyrir þeirri áskorun að auka tekjur
svo jafnvægi komist á reksturinn.

Hljómsveitin hefur það að markmiði sínu að ná
framúrskarandi árangri, að vera eftirsóttur vettvangur
listafólks og leggur sig eftir því að ná til þjóðarinnar
og umheimsins með fjölbreyttum tónlistarflutningi,
samstarfsverkefnum, fræðslu og kynningu á íslenski
tónlistarsköpun. Sinfóníuhljómsveit Íslands stóð fyrir
fjölmörgum og fjölbreyttum tónleikum á starfsárinu.
Hljómsveitin lék á 95 tónleikum og viðburðum sem
um 80.600 gestir sóttu hér heima og erlendis. Alls
voru flutt 222 minni og stærri tónverk.

Stjórn

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands er skipuð til
fjögurra ára í senn. Núverandi stjórn er skipuð til 31.
júlí 2023. Formaður stjórnar er Sigurður Hannesson,
skipaður án tilnefningar, Herdís Þórðardóttir vara-
formaður, skipuð án tilnefningar, Friðjón R. Friðjóns-
son, tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðuneytinu,
Oddný Sturludóttir, tilnefnd af Reykjavíkurborg og
Hávarður Tryggvason, fulltrúi SMFSÍ. Varamenn eru
Axel B. Stefánsson, skipaður án tilnefningar, Ragn-
heiður Helga Þórarinsdóttir, skipuð án tilnefningar,
Þráinn Árni Baldvinsson, tilnefndur af Reykjavíkurborg,
Ólöf Þorvarðsdóttir, tilnefnd af SMFSÍ og

Guðrún Inga Torfadóttir, tilnefnd af fjármála- og
efnahagsráðuneyti. Á starfsárinu hélt stjórnin
11 stjórnarfundi.

Lára Sóley Jóhannsdóttir var í júlí endurráðin
framkvæmdastjóri hljómsveitarinnar til næstu
fjögurra ára.

Rekstur

Rekstur hljómsveitarinnar hefur verið krefjandi að
loknum heimsfaraldri og hafa stjórnendur, í samráði
við fagræðuneyti, unnið að úrlausnum. Leitast hefur
verið við að hagræða þegar kemur að mönnun í
tímabundnar og ótímabundnar stöður og mikil
áhersla verið lögð á að auka tekjur af miðasölu.

Kjarasamningar hljóðfæraleikara runnu út 31. mars og
viðræður hófust um svipað leyti við Fjármálaráðu-
neytið. Samhliða hófst umræða um nýjan
stofnanasamning.

Stefna hljómsveitarinnar er sem fyrr að styrkja stöðu
sína á alþjóðlegum vettvangi með því að fara í
tónleikaferðir erlendis og með hljóðritunum. Hljóm-
sveitin fór í tónleikaferð til Bretlands þar sem leikið
var í sjö borgum, aðsókn og viðtökur voru afar góðar.
Á starfsárinu komu út fjórir hljómdiskar sem allir
innihéldu íslenska tónlist og hafa þeir hlotið frábærar
viðtökur hér heima og erlendis. Auk þess kom út ein
útgáfa á Spotify.

Hljómsveitin hélt áfram mikilvægu samstarfi við RÚV,
bæði hvað varðar sjónvarpsútsendingar og vikulegar
útsendingar á Rás 1, sem eru afar mikilvægur liður í
því að ná til allra landsmanna. Starfsárið endaði svo
með Barböru Hannigan í Hofi á Akureyri, þar sem
hljómsveitin endurtók tónleikadagskrá síðustu
tónleika vetrarins í Hörpu.



Aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi

Aðalstjórnandi SÍ, Eva Ollikainen, stjórnaði alls 15 tónleikum á starfsárinu, þ.m.t. sjö tónleikum á tónleikaferðalagi um Bretland. Einnig hélt hún utan um Hljómsveitarstjóraakademíuna sem lauk með hádegis-tónleikum þar sem þátttakendur akademíunnar stjórnðu hljómsveitinni. Þá stjórnaði Eva upptökum á verkum Önnu Þorvaldsdóttur, ARCHORA og AION, sem komu út hjá Sono Luminus sumarið 2023. Í febrúar var samningur við Evu framlengdur og verður hún aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi til vors 2026.

Aðalgestastjórnandi

Aðalgestastjórnandi starfsársins var franskur hljómsveitarstjórinn Bertrand de Billy sem getið hefur sér einstaklega gott orð bæði sem óperustjórnandi og stjórnandi sinfónískrar tónlistar. Hann gegnir stöðunni til ársins 2023. De Billy stjórnaði tvennum tónleikum á starfsárinu og lauk þar með við að stjórna öllum sinfóníum Brahms.

Staðarhljómsveitarstjóri

Franski hljómsveitarstjórinn Nathanaël Iselin var staðarhljómsveitarstjóri á starfsárinu. Hann hefur vakið mikla athygli fyrir tónlistarhæfileika sína á undanförunum árum. Auk þess að vera aðstoðarhljómsveitarstjóri stjórnaði hann 22 tónleikum og viðburðum á starfsárinu, m.a. fjölda skólatónleika, jólatónleika og barnatónleika en einnig hélt hann um tónsprotann á sjónvarpstónleikum og tónleikum sveitarinnar á Myrkum músíkdögum. Þá stjórnaði hann hljóðfæraleikurum úr SÍ á Evrópsku kvikmyndaverðlaunahátíðinni og leiðtogafundinum í Hörpu.

Staðartónskáld

Anna Þorvaldsdóttir er staðartónskáld hljómsveitarinnar en hún tók við stöðunni í byrjun árs 2018. Anna gegnir margþættu hlutverki í starfi hljómsveitarinnar en auk þess að semja ný verk til flutnings fyrir SÍ situr hún í verkefnavalsnefnd. Anna hefur skipað sér í fremstu röð tónskálda á heimsvísu





undanfarin ár. Hún semur meðal annars stór símfónísk verk fyrir helstu hljómsveitir heims og hafa bæði Berlínarfílharmónían og Fílharmóníusveit New York-borgar frumflutt eftir hana tónverk á undanförunum árum. Einn hápunkta starfsársins var flutningur á verkinu ARCHORA sem frumflutt var á PROMS-tónlistarhátíðinni í Lundúnum sumarið 2022 undir stjórn Evu Ollikainen. ARCHORA hljómaði einnig á tónleikum Símfóníuhljómsveitar Íslands á starfsárinu undir stjórn Evu sem og verkin CATAMORPHOSIS og METACOSMOS. Í apríl hélt hljómsveitin í tónleikaferð til Bretlands þar sem verk Önnu METACOSMOS hljómaði á öllum tónleikum sveitarinnar.

Staðarlistamaður

Sæunn Þorsteinsdóttir var staðarlistamaður starfsársins. Leikur hún einleik og kammertónlist jöfnum

höndum og hefur m.a. komið fram með Fílharmóníusveitinni í Los Angeles, Símfóníuhljómsveit breska útvarpsins (BBC) og Fílharmóníusveit norður-þýska útvarpsins. Efnisskrá Sæunnar á tónleikaárinu 2022-23 spannaði líka mjög vítt svið, allt frá barokki yfir í heimsfrumflutning. Sæunn var einleikari á tvennum tónleikum með Símfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg. Á fyrri tónleikunum frumflutti hún verk Veronique Vöku *Gemæltan* ásamt því að leika Bow to String eftir Daníel Bjarnason. Þá lék hún einleik í sellókonert nr. 1 eftir Shostakovitsj í mars. Auk þessa lék hún á tónleikum í Föstudagröðinni í Norðurljósum ásamt átta sellóleikurum úr röðum hljómsveitarinnar.

Listamaður í samstarfi

Sir Stephen Hough er einn virtasti og fjölhæfasti píanóleikari samtímans. Hough hefur hljóðritað yfir 60 geisladiska sem hafa hlotið ótal verðlaun og



viðurkenningar. Hann er einnig afkastamikill tónskáld og mikilsvirtur rithöfundur og skrifar reglulega um tónlist í The Guardian, The Times, Gramophone og BBC Music Magazine. Sir Stephen Hough var listamaður í samstarfi hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands á starfsárinu og kom fram á einleikstónleikum í Föstudagsröðinni og tvennum áskriftartónleikum í Eldborg þar sem hann flutti þriðja píanókonsert Beethovens og píanókonsert nr. 2 eftir Rakhmanínov. Konsertana lék hann einnig til skiptis á sjö tónleikum hljómsveitarinnar á tónleikaferð um Bretland í apríl.

Listamaður í samstarfi

Daníel Bjarnason hefur átt langt og farsælt samstarf við hljómsveitina, jafnt sem tónskáld og sem hljómsveitarstjóri. Á starfsárinu var Daníel „listamaður í samstarfi“ og voru verkefni hans með hljómsveitinni m.a. Klassíkin okkar – einleikaraveisla, þar sem fjöldi einleikara spilaði kafla úr þekktum einleikskonsertum, Pétur og úlfurinn í tónleikaröð Litla tónsprotans og sjónvarpstónleikarnir Stolin stef í Grænu röðinni.

Heiðursstjórnandi

Osmo Vänskä tók við stöðu heiðursstjórnanda árið 2014 og hefur stjórnað hljómsveitinni reglulega síðan. Osmo var aðalstjórnandi hljómsveitarinnar á árunum 1993-1996 og náði afar góðum árangri með hljómsveitinni. Á starfsárinu stjórnaði Osmo tónleikum í Gulri tónleikaröð þar sem Erin Keefe 1. konsertmeistari Minnesota-hljómsveitarinnar var í einleikshlutverkinu.

Aðalheiðursstjórnandi

Vladimir Ashkenazy er aðalheiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og spannar samstarf hans við hljómsveitina meira en hálfa öld. Ashkenazy hefur stjórnað hljómsveitinni í öllum helstu meistara- verkum tónbókmenntanna. Í janúar 2020 tilkynnti Ashkenazy að hann hefði ákveðið að draga sig í hlé frá öllu tónleikahaldi.

2. Starfsemi 2022-23

Starfsárið var fyrsta starfsárið eftir heimsfaraldur þar sem sóttvarnarreglur höfðu engin áhrif á skipulag starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og var því fyrsta takmarkalausa starfsárið síðan á vormánuðum 2020. Fjölbreytileiki einkenndi verkefnaval starfsársins þar sem litið var til framtíðar enda var starfsárið eiginleg upprisa eftir annmarka heimsfaraldursins.

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék á 95 tónleikum hér heima og erlendis á starfsárinu ef allir tónleikar eru taldir með. Rás 1 sendi beint frá áskriftartónleikum hljómsveitarinnar auk þess að taka upp nær alla tónleika starfsársins. Fimm tónleikar voru sendir beint út í sjónvarpi á RÚV, fernir tónleikar í Grænu röðinni auk tónleikanna Klassíkin okkar. Jólatónleikar Sinfóníunnar og tónleikar Laufeyjar og Sinfó voru einnig teknir upp og sendir út síðar á RÚV.

Áskriftaraðir

Aðalhljómsveitarstjóri SÍ, Eva Ollikainen, átti gjöfult samstarf við hljómsveitina og stjórnaði fjölmörgum tónleikum og aðalgeststjórnandi, Bertrand de Billy, stjórnaði þrennum tónleikum. Af öðrum hljómsveitarstjórum sem unnu með hljómsveitinni má nefna David Danzmayr, Olari Elts og heiðursstjórnanda SÍ, Osmo Vänskä. Margir af stærstu einleikurum samtímans komu fram með hljómsveitinni og má þar nefna píanóleikarana Daniil Trifonov og Sir Stephen Hough og fiðluleikarana Augustin Hadelich og Isabelle Faust. Bæði Trifonov og Hough komu að auki fram á einleikstónleikum á vegum SÍ.

Heiðurstónleikar fyrir Bohdan Wodiczko, aðalhljómsveitarstjóra SÍ á árunum 1965-1968, með pólsku ívafi undir stjórn Evu Ollikainen fóru fram á haustmánuðum og haldin var pólsk-íslensk Barnastund þar sem dagskráin var bæði kynnt og sungin á íslensku og pólsku.

Tónleikar utan áskriftar

Fjölbreyttir viðburðir einkenndu dagskrá utan áskriftaraða og má þar nefna Opið hús á *Meningarnótt* þar sem hljómsveitin bauð upp á tvenna tónleika, *Undur jarðar* með Stjörnu-Sævari og *Marapontónleika* með Jóni Jónssyni. Kastljósinu var beint að einleikskonertum í *Klassíkinni okkar* sem fram fór í beinni sjónvarpsútsendingu á RÚV undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Á efnisskránni mátti finna fjölda konsertkafla frá ýmsum tímum sem fluttir voru af tólf íslenskum einleikurum. Í október fóru fram Norrænir músíkdagar þar sem fjölbreytt verk eftir norræn tónskáld voru flutt undir stjórn Önnu-Mariu Helsing og í janúar hélt SÍ tónleika á Myrkum músíkdögum þar sem áherslan var á nýja íslenska tónlist sem leikin var undir stjórn Nathanaël Iselin. Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt tvenna tónleika með nýstirninu Laufeyju sem mæltust mjög vel fyrir. Aðventutónleikarnir voru helgaðir barokki þar sem einn helsti barokkstjórnandi Bretlands, Jonathan Cohen, stjórnaði tónleikunum. Fernir biótónleikar voru haldnir í mars þar sem Sinfóníuhljómsveitin lék undir kvikmyndinni *Harry Potter og leyniklefinn*, en tónlist myndarinnar er eftir John Williams. Í júní flutti hljómsveitin Carmina Burana eftir Carl Orff ásamt 300 manna kór og einsöngvurum undir stjórn Gunnsteins Ólafssonar.

Samstarfsverkefni

Í nóvember tók SÍ þátt í uppsetningu Hörpu og The Kyiv Grand Ballet á Hnotubrjótnum eftir Tsjajkovskíj. Þetta var í sjöunda skipti sem efnt var til slíks samstarfs við Hörpu og voru sýningarnar fjórar talsins.

Sinfóníuhljómsveit Íslands kom fram á viðburði á vegum skemmtiferðaskipsins Norwegian Cruise Line í Eldborg í ágúst auk þess sem málmblásarahópur og strengir tóku þátt í tónlistarflutningi á European Film Awards sem fram fór í Hörpu í desember 2022.



Hljóðfærahópar á vegum hljómsveitarinnar komu einnig fram á Leiðtogafundi Evrópuráðsins sem fram fór í Hörpu í maí 2023.

Tónleikaferðir

Í apríl 2023 fór hljómsveitin í tónleikaferð til Bretlands. Var þetta fyrsta ferð sveitarinnar út fyrir landsteinana síðan fyrir heimsfaraldur. Ferðin var önnur tónleikaferð hljómsveitarinnar til Bretlands en þangað fór sveitin í febrúar 2020, rétt áður en samkomutakmarkanir tóku gildi. Tónleikar hljómsveitarinnar voru sjö talsins í jafnmörgum borgum þar sem sveitin lék í fremstu tónleikahúsum Bretlands, m.a. Symphony Hall í Birmingham, Usher Hall í Edinborg og Cadogan Hall í Lundúnum. Tónleikunum stjórnaði Eva Ollikainen og einleikari á píanó var Sir Stephen Hough sem lék til skiptis píanókoncert nr. 2 eftir Rakhmanínov og píanókoncert nr. 3 eftir Beethoven. Sinfónía nr. 5 eftir Tsjajkovskíj var leikin á öllum tónleikunum ásamt METACOSMOS eftir Önnu Þorvaldsdóttur. Hljómsveitin fékk frábærar móttökur í Bretlandi og voru allir tónleikarnir geysivel sóttir. Hljómsveitin endaði starfsárið með tónleikum í Hörpu og Hofi á Akureyri með Barböru Hannigan þar sem hún stjórnaði og söng meðal annars einsöngskafla í Mahler sinfóníu nr. 4.

Hljóðritanir

Afkastamikið samstarf Sinfóníuhljómsveitar Íslands og útgáfufyrirtækisins Sono Luminus hélt áfram með hljóðritun í október 2022 á verkum Önnu Þorvaldsdóttur AIÖN sinfónía og ARCHORA undir stjórn Evu Ollikainen.

Útgáfur

Útgáfa Sinfóníuhljómsveitarinnar var einnig blómleg. Á starfsárinu komu út fjórir hljómdiskar. Hallfríður Ólafsdóttir Haffí – Flautan í öndvegi, safndiskur gefinn út af Sí í samvinnu við Smekkleysu. Icelandic Works for the Stage með tónlist eftir Jórinni Viðar og Pál Ísólffson, gefinn út af Chandos. Diskurinn var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna. ARCHORA / AIÖN gefinn út hjá Sono Luminus með verkum Önnu Þorvaldsdóttur sem fór á lista The New York Times, The Boston Globe og NPR yfir klassískar plötur ársins 2023. Diskurinn Atmospheriques gefinn út af Sono Luminus með nýjum verkum eftir Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur, Báru Gísladóttur, Önnu Þorvaldsdóttur, Missy Mazzoli og Daníel Bjarnason. Að lokum var A Night At The Symphony, upptaka frá tónleikum Laufeyjar og Sinfó í Hörpu, gefin út á Spotfy.



3. Fræðslu- og barnastarf 2022-23

Mikill fjöldi metnaðarfullra og stórra fræðsluverkefna einkenndi starfsárið 2022-2023. Náttúrutengd verkefni, Barnasáttmálinn, Barnastundir á pólsku og markviss inngilding voru leiðarstef ársins. Listráð Ungsveitarinnar var stofnað á haustdögum þar sem hópur ungmenna úr Ungsveitinni fundaði og ákvarðaði um ýmis mál sem varða starfsemi Ungsveitarinnar eins og framkvæmd prufuspila, verkefnaval, móttöku nýrra nemenda og vellíðan og öryggi nemenda á Ungsveitarnámskeiðum. Seti í listráði Ungsveitarinnar var öllum ungmennum Ungsveitarinnar opin.

Barnamenningu var gert hátt undir höfði líkt og endranær. Að venju voru haldnir fernir ólíkir tónleikar í Litla tónsprotanum, tónleikaröð fjölskyldunnar, ásamt þremur opnum barnastundum í Flóa fyrir þau allra yngstu.

Samvinna við fjölmarga nemendahópa í tónlistarnámi, bæði innlenda og erlenda, gaf starfsárinu skemmtilegan og fjölbreyttan brag og menntaskólahópar komu á tónleika.

Einstakar jólastundir hafa nú öðlast fastan sess á dagskrá hljómsveitarinnar og eru þær unnar í samstarfi og samtali við skóla og félagasamtök okkar allra viðkvæmstu tónleikagesta. Fjölskylduhjálpin var styrkt um 500 miða á Jólatónleika sveitarinnar og heimsóknir voru á Hrafnistu í Laugarási og Landspítalann þar sem streymi frá tónleikum hljómsveitarinnar um allar deildir vakti mikla ánægju.

Opin Vínaræfing fyrir eldri borgara var í upphafi árs og nemendur streymdu á Múmíntónleika þar sem umhverfið og núvitundin réði ríkjum en Lauri Porra, höfundur tónlistarinnar sem flutt var, hefur verið valið tónskáld samvinnuverkefnis Múmín og Unesco.



Langri samvinna við Skólahljómsveit Austurbæjar lauk á síðustu Tónsprotatónleikum vetrarins. Næsti samstarfshópur hljómsveitarinnar verður Langspilshópur Flóaskóla.

Haldnir voru 27 skólatónleikar á starfsárinu þar sem hljómsveitin lék fyrir 16.172 börn og ungmenni.

4. Markaðs- og kynningarmál

Heildarfjöldi tónleikagesta Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2022-23 var 80.588* en var 57.334 starfsárið þar á undan sem enn einkenndist að hluta af heimsfaraldri. Eru þá taldir allir gestir á öllum tónleikum og viðburðum sem sveitin lék á, hér heima og erlendis. Heildarfjöldi seldra miða á þá tónleika sem SÍ stóð fyrir í Hörpu og Hofi var 52.453 en var 45.653 starfsárið á undan.. (Heildarfjöldi seldra miða var 60.902 ef með eru teknir gestir á tónleikum í Bretlandsferðinni). Samtals var aukningin í miðasölu á tónleikum SÍ í Hörpu 15% á milli starfsára. Fjöldi áskriftarmiða hélst óbreyttur milli ára en vöxtur í almennri miðasölu var 24%.

Áherslan í kynningarmálum var sem áður lögð á að ná áskrifendum SÍ til baka eftir COVID og einnig að kynna fyrir ólíkum markhópum tónleika utan raða. COVID-árin höfðu þau áhrif að kauphegðun breyttist og seldum áskriftarkortum fækkaði. Viðskiptavinir eru seinni til en áður að kaupa miða sem rímar við reynslu annarra tónleikahaldara hér heima og erlendis.


Kynningarstarf starfsársins var með nokkuð hefðbundnum hætti en var þó umfangsmeira en árin á undan, enda fyrsta starfsárið í fjögur ár sem ekki einkenndist af COVID. Í júní 2022 var gefinn út ársbæklingur með kynningu á dagskrá starfsársins, viðtölum við listamenn og öðru áhugaverðu efni sem tengist starfsemi SÍ.

Kynningarefni var unnið í samvinnu við Aton JL og var slagorð starfsársins Sinfónían springur út. Myndband herferðarinnar vann til gullverðlauna í FÍT-keppninni í floknum hreyfigrafík. Hljómsveitin var einnig mjög virk á samfélagsmiðlum þar sem hægt er að fylgjast með daglegu starfi sveitarinnar, á sviði sem og baksviðs.

Gerð var ítarleg Gallup-könnun í mars 2023. Lítilsháttar lækkun varð á mælingu á ímynd Sinfóníunnar en hún mælist þó áfram mjög sterk. Fer úr 5,3 í 5,1 (á skalanum 1-7). Meðaltalið í samanburðargrunni Gallup er 4,6 þannig að hljómsveitin er vel yfir því meðaltali. Ímyndin mælist hærrí hjá þeim sem eru með meiri menntun. Ánægja tónleikagesta mældist áfram góð. Athyglisvert var þó að ánægjan er hvað mest hjá yngsta aldurshópnum. 13,4% þjóðarinnar sögðust hafa farið á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveitinni á sl. 12 mánuðum en þetta hlutfall var 12,7% í síðustu mælingu sem var gerð 2019. Áhugavert er að sjá að mesta aukningin var hjá tveimur yngstu aldurshópnum. 31,8% landsmanna höfðu séð tónleika með Sinfóníuhljómsveitinni í sjónvarpi á síðustu 12 mánuðum og 11,3% hlustað á hljómsveitina á útvarpi. Flestir leita sér upplýsinga um hljómsveitina á vef Hörpu eða 49,4% en mikil aukning er hjá þeim sem sækja upplýsingar beint á vef hljómsveitarinnar, sinfonia.is, og fer hlutfallið úr 25,5% í 39,9%.

	21/22	22/23
Fréttabréf	9.879 -	9.663
Facebook	18.349 -	18.846
Instagram	5.368 -	6.486
YouTube	53.392 -	59.478
Spotify	5.038 -	6.199
Twitter	2.750 -	2.826

Fjöldi tónleikagesta



Þróun í miðasölu

	'11/'12	'12/'13	'13/'14	'14/'15	'15/'16	'16/'17	'17/'18	'18/'19	'19/20	'20/21	'21/22	'22/23
Heildarsala	56.950	56.873	51.757	51.546	51.669	54.614	56.550	60.001	33.226	9.469	45.653	52.453
- Utan áskriftar	33.211	35.185	31.085	31.750	32.431	34.588	35.752	39.062	X	9.469	28.827	35.648
- Innan áskriftar	23.739	21.688	20.672	19.796	19.238	20.026	20.798	20.932	X	0	16.826	16.805
Hlutfall áskrifta	41,7%	38%	40%	38%	37%	37%	37%	35%				32%



5. Mannauðsmál

Á starfsárinu 2022-2023 voru 101 stöðugildi hjá stofnuninni og fékk hljómsveitin 124 lausráðna hljóðfæraleikara til liðs við sig á starfsárinu. Haldin voru þrjú hæfnispróf og níu aukamannaprufuspil á starfsárinu. Samtals voru þrjú ráðningarferli í vinnslu hjá hljómsveitinni. Reglulega voru haldnir starfsmannafundir með öllu starfsfólki, deildarfundir með hverri deild fyrir sig, leiðarafundir og samráðsfundir með stjórn SMFSÍ.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hlaut jafnlaunavottun í byrjun ágúst 2020 og síðasta viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfi fór fram í júní 2023.

Stutt var við heilsu og velferð starfsmanna á ýmsan hátt og árshátíð starfsmanna var haldin með pompi og prakt 11. febrúar 2023 á Edition hóteli.

Kyngreindar upplýsingar starfsárið 2022-23

Hljómsveitarstjórar

Konur: 4 (24 tónleikar + 1 hljóðritun)

Karlar: 17 (75 tónleikar)

Íslenskir einleikarar og einsöngvarar

Konur: 26 (34 tónleikar)

Karlar: 18 (28 tónleikar)

Erlendir einleikarar og einsöngvarar

Konur: 7 (7 tónleikar)

Karlar: 9 (21 tónleikar)

Íslenskir sögumenn, kynnar o.fl.

Konur: 13 (26 tónleikar)

Karlar: 7 (16 tónleikar)

Íslensk verk flutt

Eftir kventónskáld: 27 verk (9 tónskáld)

Eftir karltónskáld: 26 verk (22 tónskáld)

Erlend verk flutt

Eftir kventónskáld: 10 verk (10 tónskáld)

Eftir karltónskáld: 167 verk (94 tónskáld)

Nýjar útsetningar á tónverkum (pantað af SÍ)

Eftir kvenútsetjara: 4 verk (2 útsetjarar)

Eftir karlútsetjara: 15 verk (7 útsetjarar)

Starfsfólks SÍ

Fastráðnir hljóðfæraleikarar

Konur 44

Karlar 36

Skrifstofa og sviðsþjónusta

Konur 10

Karlar 3

Lausráðnir hljóðfæraleikarar

Konur 48

Karlar 76

Fastráðnir hljóðfæraleikarar starfsárið 2022-23

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir** hluta starfsárs

Vera Panitch

Una Sveinbjarnardóttir** hluta starfsárs

Andrzej Kleina

Bryndís Pálsdóttir

Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir Skelton

Helga Þóra Björgvinsdóttir** hluta starfsárs

Hildigunnur Halldórsdóttir

Júlíana Elín Kjartansdóttir

Laufey Jensdóttir** hluta starfsárs

Laufey Sigurðardóttir 50%

Laura Liu** hluta starfsárs

Margrét Kristjánsdóttir

Olga Björk Ólafsdóttir** hluta starfsárs

Pálína Árnadóttir

Wei Lín Sigurgeirsson** hluta starfsárs

Zbigniew Dubik

Amalie Kjaeldgaard* hluta starfsárs

Ari Þór Vilhjálmsson* hluta starfsárs

Chen-Jui Hu* hluta starfsárs

Emma Steele * hluta starfsárs

Pétur Björnsson* hluta starfsárs

Rannveig Marta Sarc* hluta starfsárs

2. fiðla

Páll Palomares

Dóra Björgvinsdóttir 50%

Greta Guðnadóttir 50%

Gunnhildur Daðadóttir

Hekla Finnsdóttir

Ingrid Karlsdóttir

Kristján Matthíasson

Margrét Þorsteinsdóttir

Ólöf Þorvarðsdóttir

Sigurlaug Eðvaldsdóttir

Þórdís Stross

Gróa Margrét Valdimarsdóttir*

Hlín Erlendsdóttir*

Joanna Bauer* hluta starfsárs

Justyna Bidler*

Kateryna Mysechko* hluta starfsárs

Vióla

Þórunn Ósk Marinósdóttir

Rita Þorfiris* hluta starfsárs

Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

Guðrún Hrund Harðardóttir

Guðrún Þórarinsdóttir

Herdís Anna Jónsdóttir

Kathryn Harrison

Łucja Koczot**hluta starfsárs

Sarah Buckley

Svava Bernharðsdóttir

Þórarinn Már Baldursson

Anna Elísabet Sigurðardóttir* hluta starfsárs

Fidel Atli Quintero Gasparsson* hluta starfsárs

Jevgenija Frolova*hluta starfsárs

Selló

Sigurgeir Agnarsson

Steiney Sigurðardóttir** hluta starfsárs

Bryndís Björgvinsdóttir

Bryndís Halla Gylfadóttir

Guðný Jónasdóttir** hluta starfsárs

Hrafnkell Orri Egilsson

Margrét Árnadóttir

Sigurður Bjarki Gunnarsson

Hjörtur Páll Eggertsson* hluta starfsárs

Júlía Mogensen*

Urh Mrak* hluta starfsárs

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald * hluta starfsárs
Hávarður Tryggvason
Jacek Karwan
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson*

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínett

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Brjánn Ingason
Bryndís Þórsdóttir** hluta starfsárs

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Bruun
Emil Steindór Friðfinnsson
Frank Lars Hammarin** hluta starfsárs
Joseph Ognibene
Constantin Glaner* hluta starfsárs

Trompet

Einar Steinþór Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera*
David Bobroff, bassabásúna

Túba

Nimrod Ron** hluta starfsársins

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Helga Bryndís Magnúsdóttir* hluta starfsárs

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

*Ráðnir tímabundið

** í leyfi

Starfsfólk við stjórnun og þjónustu 2022-23

Framkvæmdastjóri

Lára Sóley Jóhannsdóttir

Listrænn ráðgjafi

Halla Oddný Magnúsdóttir

Viðburða- og skipulagsstjóri

Valdís Þorkelsdóttir

Verkefnastjóri viðburða

Jökull Torfason hluta starfsárs
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað hluta starfsárs

Verkefnastjóri dagskrárgerðar

Jökull Torfason hluta starfsárs

Fræðslustjóri

Hjördís Ástráðsdóttir

Markaðs- og kynningarstjóri

Margrét Ragnarsdóttir

Markaðs- og kynningarfulltrúi

Kristín Björg Björnsdóttir

Mannauðsstjóri

Dagrún Hálfánardóttir

Fjármálastjóri

Svanhvít Hrólfsdóttir

Nótnavörður

Kristbjörg Clausen

Umsjónarmaður nótna

Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað hluta starfsárs
Cameron Anderton hluta starfsárs

Verkefnastjóri sviðs- og tæknimála

Sigbór J. Guðmundsson

Sviðsmaður

Björk Björgólfsdóttir

Staðartónskáld

Anna Þorvaldsdóttir

Staðarhljómsveitastjóri

Nathanaël Iselin

Lausráðnir starfsmenn 2022-23

Abel Perez Armas
Alexander Kagan
Anders Jonhall
Anna Sigurbjörnsdóttir
Antonia Zimmermann
Antti Salovaara
Auður Edda Erlendsdóttir
August Finkas
Ásdís Hildur Runólfsson
Ástríður Alda Sigurðardóttir
Baldvin Ingvar Tryggvason
Bartosz Skibinski
Beatriz Macias
Birgir Þórisson
Birkir Örn Hafsteinsson
Björg Brjánsdóttir
Breki Sigurðarson
Chad Yarbrough
Claudio Flueckiger
Constantin Glaner
Dagbjört Ingólfsson
Einar Valur Scheving
Elísabet Waage
Elliott Dushman
Emil Þorri Emilsson
Emilía Rán Benediktsdóttir
Erling Róbert Eydal
Erna Vala Arnardóttir
Eva Þyri Hilmarsdóttir
Eydís Lára Franzdóttir
Feng Xiaoyin
Finn Alexander Schofield
Finnbogi Óskarsson
Francisco Soutinho Ventura
Gerður Gunnarsdóttir
Guðríður S. Sigurðardóttir
Guðrún Dalía Salómonsdóttir
Guðrún Erlendsdóttir
Guðrún Óskarsdóttir
Gunnar Helgason
Gunnhildur Einarsdóttir
Guy Cohen Hanoch

Hafrún Birna Björnsdóttir
Harry Winstanley
Helga Björg Arnardóttir
Helga Björg Ágústsdóttir
Helga Bryndís Magnúsdóttir
Helgi Þorleiksson
Hrafn Marinó Thorarensen
Hrefna Berg Pétursdóttir
Hugues Viallon
Ignas Mazvila
Ísak Ríkharðsson
Jack Pilcher May
Jakob Olaf Keiding
Jakub Cywinski
James Goodwin
Jan Soderblom
Jeremy Bager
Joaena Hyewon Ryu
Jonathan Reeder
Jorge Viana
Joris de Rijbei
Jóhann Ingvi Stefánsson
Jóhann Már Nardeau
Jón Halldór Finnsson
Julia Pesendorfer
Kari Guenther
Karl Frisendahl
Kayetan Cyganski
Kjartan Guðnason
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Kristín Ýr Jónsdóttir
Leendert Booyens
Louis Bauman
Louisa Slosar
Maarja Nuut
Madara Petersone
Mads Haugsted
Magdalena Makowska
Mathias Susaas Halvorsen
Matthew Hightower
Matthias Dominik Engler
Matthías Stefánsson

Mikko Pekka Svala
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Nathan Vedal
Niamh Mckenna
Ólafur Hólm Einarsson
Ólöf Sigursveinsdóttir
Páll Hannesson
Pedro Jorge Garcia
Pedro Silva
Peter Ravn Jensen
Pétur Björnsson
Ragnar Jónsson
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
Raphaelle Moreau
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Sigrún Harðardóttir
Sigurður Hjörtur Flosason
Silja Ratilainen
Simen Fegran
Símon Karl Sigurðarson
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Sólveig Magnúsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Sólveig Vaka Eypórsdóttir
Steina Kristín Ingólfsson
Steinn Völundur Halldórsson
Steinunn Vala Pálsdóttir
Thomas Gimse
Thomas Hancox
Tibor Gtyenge
Tom Yaron Meyerson
Ulla Millmann
Úlfar Ingi Haraldsson
Vigdís Másdóttir
Yuri Guccione
Þorvaldur Halldórsson
Þórdís Gerður Jónsdóttir
Þórunn Eir Pétursdóttir
Össur Ingi Jónsson
Øyvind Lapin Larsen

6. Tónleikar starfsárið 2022-23

Menningarnótt: Undur jarðar

20. ágúst 2022 kl. 15:00

- Richard Strauss: Also sprach Zarathustra
- John Williams: Júragarðurinn, aðalstef
- Terry Gilkyson: The Bare Necessities
- Bedrich Smetana: Moldá
- Nacio Herb Brown: Í rigningu ég syng
- Benjamin Britten: Peter Grimes: Stormurinn
- Lorne Balfe: Penguins of Madagascar
- Nikolai Rimsky-Korsakov: Hunangsflugan
- Wolfgang Amadeus Mozart: Klarínettukonsert, Adagio
- John Williams: Star Wars, aðalstef
Kornilios Michailidis, hljómsveitarstjóri
Arngunnur Árnadóttir, einleikari
Sævar Helgi Bragason, kynnir

Menningarnótt: Klassíski hlaupalagalistinn

20. ágúst 2022 kl. 17:00

- John Williams: Ólympísk lúðraköll
- Mikhail Glinka: Rúslan og Ljúdmíla, forleikur
- Galina Ustvolskaya: Svíta nr 3, 3. kafli
- Georges Bizet: Jeux d'enfants, Le bal - galop
- Franz Schubert: Sinfónía nr. 3, 2. kafli
- Jón Jónsson: Gefðu allt sem þú átt
- Vangelis: Chariots of fire
- Leonard Bernstein: Mambo úr West Side Story
- Justin Timberlake: Can't Stop the Feeling
Kornilios Michailidis, hljómsveitarstjóri
Jón Jónsson, kynnir og einsöngvari

Skólatónleikar: Undur jarðar

22. ágúst kl. 9:30

23. ágúst kl. 9:30

23. ágúst kl. 11:00

- Richard Strauss: Also sprach Zarathustra
- John Williams: Júragarðurinn, aðalstef

- Terry Gilkyson: The Bare Necessities
- Bedrich Smetana: Moldá
- Nacio Herb Brown: Í rigningu ég syng
- Benjamin Britten: Peter Grimes: Stormurinn
- Lorne Balfe: Penguins of Madagascar
- Nikolai Rimsky-Korsakov: Hunangsflugan
- Wolfgang Amadeus Mozart: Klarínettukonsert, Adagio
- John Williams: Star Wars, aðalstef
Kornilios Michailidis, hljómsveitarstjóri
Arngunnur Árnadóttir, einleikari
Sævar Helgi Bragason, kynnir

Norwegian Cruise Line

26. ágúst 2022 kl. 20:30

26. ágúst 2022 kl. 21:55

- Óttar Sæmundssen: Hvíla sprungur (fruml. úts. Viktor Orri Árnason)
- Björk Guðmundsdóttir: Overture
- Bríet: Sólblóm (án SÍ)
- Bríet: Hann er ekki þú (úts. Viktor Orri Árnason)
- Bríet: Djúp sár gróa hægt (úts. Viktor Orri Árnason)
- Bríet: Carousel (úts. Viktor Orri Árnason)
- Bríet: Ghosts (úts. Viktor Orri Árnason)
- Bríet: Cold feet (úts. Viktor Orri Árnason)
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Bríet, söngur
Íslenski dansflokkurinn

Klassíkin okkar - Einleikaraveisla

02. september 2022 kl. 20

- Antonio Vivaldi: Árstíðirnar, Sumarið (3. kafli, Presto)
- Wolfgang Amadeus Mozart: Hornkonsert nr. 4 (3. kafli, Rondo)
- Wolfgang Amadeus Mozart: Píanókonsert nr. 21 (2. kafli, Andante)

- Dmítríj Sjostakovítsj: Sellókonsert nr. 1 (1. kafli, Allegretto)
- Wolfgang Amadeus Mozart: Exsultatem Jubilate (1. kafli, Exsultate, Jubilate)
- Frédéric Chopin: Píanókonsert nr. 1 (3. kafli, Rondo-Vivace)
- Alessandro Marcello: Óbókonsert nr. 1 (2. kafli, Adagio)
- Joseph Haydn: Trompetkonsert í Es-dúr (3. kafli, Allegro)
- Maurice Ravel: Píanókonsert í G-dúr (2. kafli, Adagio assai)
- Carl Maria von Weber: Klarinettukonsert nr. 1 (1. kafli, Allegro)
- Veigar Margeirsson: Rætur, konsert fyrir saxófón (3. Kafli, Leikur)
- Pjotr Tsjajkovskíj: Fiðlukonsert í D-dúr (3. kafli, Allegro vivacissimo)
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Rannveig Marta Sarc, einleikari
Stefán Jón Bernharðsson, einleikari
Edda Erlendsdóttir, einleikari
Steiney Sigurðardóttir, einleikari
Dísella Lárusdóttir, einsöngvari
Mikolaj Frach, einleikari
Julia Hantschel, einleikari
Jóhann Már Nardeau, einleikari
Erna Vala Arnardóttir, einleikari
Grímur Helgason, einleikari
Sigurður Flosason, einleikari
Ari Þór Vilhjálmsson, einleikarar
Guðni Tómasson, kynnir
Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnir

Upphafstónleikar: Trifonov spilar Beethoven (Rauð tónleikaröð)

08. september 2022 kl. 19:30

- Ludwig van Beethoven: Egmont, forleikur
- Ludwig van Beethoven: Píanókonsert nr. 4

- Anna Þorvaldsdóttir: ARCHORA (frumflutningur á Íslandi)
- Jean Sibelius: Sinfónía nr. 7
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri
Daniil Trifonov, einleikari

Einleikstónleikar með Trifonov í Eldborg

10. september 2022 kl. 20:00

- Pjotr Tsjajkovskíj: Myndabók æskunnar
- Robert Schumann: Fantasie op. 17
- Wolfgang Amadeus Mozart: Fantasía í c-moll, K. 475
- Maurice Ravel: Gaspard de la nuit
- Alexander Scriabin: Piano sónata nr. 5, op. 53
Daniil Trifonov, píanó

Dísella og Danzmayr (Gul tónleikaröð)

15. september 2022 kl. 19:30

- Charles Ives: Þrír staðir í Nýja-Englandi
- Wolfgang Amadeus Mozart: Ach ich liebte, war so glücklich (úr Brottnáminu úr kvennabúrinu)
- Leonard Bernstein: Glitter and be Gay (úr Candide)
- Antonín Dvořák: Sinfónía nr. 9 „Úr nýja heiminum“
David Danzmayr, hljómsveitarstjóri
Dísella Lárusdóttir, einsöngvari

Framhaldsskólatónleikar

16. september 2022 kl. 11

- Antonín Dvořák: Sinfónía nr. 9 „Úr nýja heiminum“
David Danzmayr, hljómsveitarstjóri

Barnastund

17. september 2022 kl. 11:30

- Hartman/Egner: Forleikur úr Dýrunum í Hálsaskógi (fruml. úts. Jóhann G. Jóhannsson)
- Randy Newman: Ég er vinur þinn úr Leikfangasögu
- Páll Ísólffsson: Snati og Óli
- Antonio Vivaldi: Veturinn (2. þáttur)
- Jón Ásgeirsson: Krummi krunkar úti (frumfl. úts. Sigurður Ingvi Snorrason)
- John W. Bratton: Lautarferð bangsanna

-
- Jacques Offenbach: Barcarolle úr Ævintýrum Hoffmanns
 - Jacques Offenbach: Can-Can úr Orfeus í undirheimum
Nathanaël Iselin, hljómsveitarstjóri
Vala Kristín Eiríksdóttir, kynnir

Skólatónleikar: Hver drap tónskáldið?

20. september 2022 kl. 09:30

20. september 2022 kl. 11:00

21. september 2022 kl. 09:30

21. september 2022 kl. 11:00

- Jim Parker: Midsomer Murders, titillag
- Nathaniel Stookey: Hver drap tónskáldið?
Nathanaël Iselin, hljómsveitarstjóri
Frank Aarnink, einleikari á þeramín
Bragi Valdimar Skúlason, sögumaður

Pétur og úlfurinn (Litli tónsprotinn)

24. september 2022 kl. 14

24. september 2022 kl. 16

- George Kleinsinger: Tobbi Túba
- Sergej Prokofjev: Pétur og úlfurinn
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Nimrod Ron, einleikari
Halldóra Geirharðsdóttir, sögumaður
Ari H. G. Yates, myndskreyting
Cécile Parcillié, myndskreyting

Ungsveitin spilar Rakhmanínov

25. september 2022 kl. 17

- Sergej Rakhmanínov: Sinfónía nr. 2
Kornilios Michailidis, hljómsveitarstjóri

Eva stjórnar Vorblóti (Gul tónleikaröð)

29. september 2022 kl. 19:30

- Anna Þorvaldsdóttir: CATAMORPHOSIS
- Veronique Vaka: Gemæltan (heimsfrumflutningur)
- Daníel Bjarnason: Bow to String

- Ígor Stravinskíj: Vorblótið
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri
Sæunn Þorsteinsdóttir, einleikari

Skógarkyrrð með Sæunni – kammertónleikar (Föstudagsröð)

30. september 2022 kl. 18

- Veronique Vaka: Neige éternelle: 1 (heimsfrumflutningur)
- Jane Antonia Cornish: 3 Nocturnes
- Pierre Boulez: Messagesquise
- Antonín Dvořák: Skógarkyrrð
Nathanaël Iselin, hljómsveitarstjóri
Sæunn Þorsteinsdóttir, selló
Sigurgeir Agnarsson, selló
Sigurður Bjarki Gunnarsson, selló
Bryndís Halla Gylfadóttir, selló
Guðný Jónasdóttir, selló
Urh Mrak, selló
Margrét Árnadóttir, selló

Stolin stef (Græn tónleikaröð)

06. október 2022 kl. 20:00

- Ígor Stravinskíj: Pulcinella-svíta (hluti)
- Felix Mendelssohn: Sinfónía nr. 4, 4. þáttur
- Sergej Rakhmanínov: Rapsódía um stef eftir Paganini
Daníel Bjarnason, hljómsveitarstjóri
Dmitry Shishkin, einleikari
Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnir

Nýtt og norrænt - Norrænir músíkdagar

13. október 2022 kl. 19:30

- Outi Tarkiainen: The Ring of Fire and Love (frumflutningur á Íslandi)
- Idin Samimi Mofakham: Zurvan (frumflutningur á Íslandi)
- Lisa Streich: Segel (frumflutningur á Íslandi)
- Gunnar Karel Másson: Grisaille (heimsfrumflutningur)

-
- Jesper Nordin: Ärr (frumflutningur á Íslandi)
Anna María Helsing, hljómsveitarstjóri

Laufey og Sinfó

26. október 2022 kl. 20

27. október 2022 kl. 20

- Duke Ellington: Beige (úr Black, Brown and Beige)
- Laufey: Fragile (frumfl. úts. Iain Farrington)
- Laufey: Beautiful Stranger (frumfl. úts. Þórður Magnússon)
- Jón Múli Árnason: Undir Stórasteini (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Laufey: Let You Break My Heart Again (frumfl. úts. Iain Farrington)
- George Gershwin: Catfish Row (úr Catfish Row, svítu úr Porgy og Bess)
- Hoagy Carmichael: Nearness of You (frumfl. úts. Þórður Magnússon)
- Laufey: What Love Will Do To You (frumfl. úts. Iain Farrington)
- Laufey: Night Light (frumfl. úts. Þórður Magnússon)
- Laufey: Like the Movies (frumfl. úts. Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir)
- Frank Loesser: I've Never Been In Love Before (frumfl. úts. Hugh Brunt)
- Laufey: Falling Behind (frumfl. úts. Iain Farrington)
- Laufey: Dear Soulmate (frumfl. úts. Hugh Brunt)
- Vincent Youmans: Tahiti Trot (Tea for two) (úts. Dmitrj Shostakovitsj)
- Laufey: Best Friend (frumfl. úts. Þórður Magnússon)
- Charles Trenet: I Wish You Love (frumfl. úts. Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir)
- Oddgeir Kristjánsson: Ég veit þú kemur (úts. Hrafnkell Orri Egilsson)
- Laufey: Valentine (frumfl. úts. Þórður Magnússon)

Hugh Brunt, hljómsveitarstjóri

Laufey Lin, einsöngvari og einleikari

Júnía Lin, einleikari

Liciecki spilar Chopin (Rauð tónleikaröð)

03. nóvember 2022 kl. 19:30

- Karol Szymanowski: Konsertforleikur (frumflutningur á Íslandi)
- Frédéric Chopin: Píanókonsert nr. 1
- Jón Nordal: Adagio fyrir flautu, hörpu, píanó og strengi
- Witold Lutosławski: Sinfónía nr. 1
Eva Ollikainen, hljómsveitarstjóri
Jan Lisiecki, einleikari

Íslensk-Pólsk Barnastund

05. nóvember 2022 kl. 11:30

- Wolfgang Amadeus Mozart: Eine kleine Nachtmusik, 1. þáttur
- Jón Leifs: Dýravísur
- Camille Saint-Saëns: Karnival dýranna, Fíllinn
- Pólskt barnalag: Z popielnika na Wojtusia
- Páll Ísólffsson: Við lítinn vog
- Frédéric Chopin: In mir klingt ein Lied
- Johann Strauss: Unter Donner und Blitz
- Julius Fucik: Mars skylmingameistaranna
Rannveig Marta Sarc, konsertmeistari
Alina Dubik, söngur
Jacek Karwan, einleikur
Sylwia Zajkowska, trúðurinn Chichotek
Vala Kristín Einarsdóttir, trúðurinn Aðalheiður
Maximús Músíkús

Tónelskir töfrar (Græn tónleikaröð)

10. nóvember 2022 kl. 20:00

- Wolfgang Amadeus Mozart: Töfraflautan, forleikur
- John Williams: Stef uglunnar Hedwig, úr Harry Potter
- Pablo de Sarasate: Sígaunaljóð
- Paul Dukas: Lærisveinn galdrameistarans
- Ígor Stravinskíj: Eldfuglinn, hluti
Nathanaël Iselin, hljómsveitarstjóri
Páll Palomares, einleikari
Halla Oddný Magnúsdóttir, kynnrir

Sinfónískir dansar (Rauð tónleikaröð)

17. Nóvember 2022 kl. 19:30

- Páll Ragnar Pálsson: Yfirráðandi kyrrð (frumflutningur á Íslandi)
- Sofía Gubaidulina: Þríkonsert fyrir fiðlu, selló, bajaran og hljómsveit (frumflutningur á Íslandi)
- Sergej Rakhmanínov: Sinfónískir dansar
Olari Elts, hljómsveitarstjóri
Baiba Skride, fiðla
Harriet Krijgh, selló
Martynas Levickis, bajaran

Æskuverk með Baibu og Harriet (Föstudagsröð) (meðlimir úr SÍ)

18. nóvember 2022 kl. 18:00

- **Dmitrij Shostakovitsj: Tvö verk fyrir strengjaoktett, op. 11**
- Felix Mendelssohn: Strengjaoktett op. 20
Baiba Skride, fiðla
Harriet Krijgh, selló
Emma Steele, fiðla
Gunnhildur Daðadóttir, fiðla
Sigurgeir Agnarsson, selló
Vera Panitch, fiðla
Þórarinn Már Baldursson, víóla
Þórunn Ósk Marinósdóttir, víóla

Hnotubrjóturinn

24. nóvember 2022 kl 19:30

25. nóvember 2022 kl 19:30

26. nóvember 2022 kl 13:00

26. nóvember 2022 kl 17:00

- Pjotr Tsjajkovskíj: Hnotubrjóturinn
Aleksandr Gosachinsky, hljómsveitarstjóri
Kyiv Grand Ballet
Graduale Nobili

Aðventutónleikar Sinfóníunnar

01. desember 2022 kl. 19:30

- María Antonía Walpurgis: Talestri, regina delle amazzoni, forleikur
- Antonio Vivaldi: Cessate, omai cessate, kantata RV 684
- Antonio Vivaldi: Konsert fyrir fiðlu og selló í B-dúr, RV 547
- Georg Friedrich Händel: Ombra mai fu, úr Xerxesi
- Georg Friedrich Händel: Vivi, tiranno, úr Rodelindu
- Wolfgang Amadeus Mozart: Sinfónía nr. 40 í g-moll
Jonathan Cohen, hljómsveitarstjóri
Tim Mead, einsöngvari
Vera Panitch, einleikari
Steiney Sigurðardóttir, einleikari

Jólastund

06. desember 2022 kl 9:30

06. desember 2022 kl 11:00

07. desember 2022 kl 9:30

07. desember 2022 kl 11:00

Jólalest

08. desember 2022 kl 10:30

08. desember 2022 kl 13:00

- Robert Sheldon: A Most Wonderful Christmas, Jólaforleikur
- Spænskt lag: Á jólnum er gleði og gaman (fruml. úts. Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir)
- Ronan Hardiman: The Lord of the Dance: Cry of the Celts
- Katherine Davis: Litli trommuleikarinn
- Pjotr Tsjajkovskíj: Blómavalsinn úr Hnotubrjótnum
- Leroy Anderson: Sleðaferðin
- Þórir Baldursson: Jólalagasyrpa einstakra barna
- Franz Xaver Gruber: Heims um ból
Nathanaël Iselin, hljómsveitarstjóri
